

## Lagagrundvöllur leyfisgjalda STEFs

Þegar tónlist er flutt opinberlega þarf leyfi viðkomandi tón- og textahöfunda. Byggist það á þeirri grundvallarreglu höfundalaga nr. 73/1972, að höfundur að verki á eignarrétt á verkinu sbr. 1. gr. og hefur hann einkarétt á að gera eintök af verki sínu og til að gera það aðgengilegt almenningi sbr. 2. gr.

Verk telst vera gert aðgengilegt almenningi þegar það er flutt opinberlega og á það við hvort sem því er miðlað um þráð eða þráðlaust, það sent út í útvarpi eða á gagnvirkan hátt. Það telst einnig vera opinber flutningur þegar verk er flutt á vinnustað fyrir stóran hóp manna, sem endranær er talinn vera lokaður hópur, svo og þegar útvarpsflutningi á tónlist er endurvarpað í rými sem er opið almenningi. (Í þessum skilningi þýðir *útvarp* bæði *hljóðvarp* og *sjónvarp*).

STEF veitir leyfi fyrir hönd innlendra sem og erlendra tónhöfunda vegna opinbers flutnings hér á landi á grundvelli aðildarsamninga meðlima STEFs og gagnkvæmra samninga STEFs við erlend systursamtök. Þá hefur STEF enn fremur rétt til að veita leyfi fyrir hönd annarra tónhöfunda á grundvelli viðurkenningar menningar- og viðskiptaráðuneytis (s.k. *samningskvaðaleyfi*).

Byggist þetta leyfiskerfi á því að það er ómögulegt fyrir einstaka höfunda að fylgjast með og innheimta hver um sig fyrir flutning verka sinna. Um leið er ómögulegt fyrir þá sem vilja flytja tónlist opinberlega að sækja um slík leyfi til hvers og eins höfundar.

Í nær öllum tilfellum, þar sem ekki er verið að leika tónlist innan veggja heimilis, er um opinberan flutning að ræða. Flutningur tónlistar í rýmum þar sem tekið er á móti viðskiptavinum telst þannig ávallt vera opinber flutningur í skilningi höfundalaga. Sem dæmi um slík rými eru verslanir, veitingastaðir, krár, klúbbar, heilsuræktarstöðvar, heilsulindir, snyrtistofur, hárgreiðslustofur, hótél og gistiheimili, biðstofur af ýmsu tagi, svo og íþróttahús, salir sem leigðir eru til skemmtanahalds og tónleikastaðir.

Fjöldmargir dómar hafa gengið um opinberan flutning tónlistar á síðustu áratugum og leikur enginn vafi á þessari túlkun á höfundalögum eða heimild STEFs til innheimtu.

Markmið STEFs er að tryggja höfundum sanngjarna þóknun fyrir afnot af tónlist þeirra og stuðla þannig að því að samin sé ný tónlist til hagsbóta fyrir þjóðfélagið allt. Þeir fjármunir sem STEF innheimtir fara því allir (að frádregnum rekstrarkostnaði samtakanna) til úthlutunar til höfunda, jafnt innlendra sem erlendra.

Það er algengur misskilningur að frjálst sé að leika tónlist án greiðslu til STEFs fyrir viðskiptavini, svo lengi sem tónlistin sem leikin er kemur úr útvarpi eða sjónvarpi. Greiðsla útvarpsstöðva til STEFs er aðeins fyrir heimild til að senda út tónlist, en leyfir viðtakanda ekki að flytja tónlistina í atvinnuskyni þar sem hún nær eyrum almennings. Um þetta er sérstaklega fjallað í greinargerð með höfundalögum, þar sem segir að þegar útvarpsflutningur á tónlist eða bókmenntaverki er gerður aðgengilegur almenningi, á þann hátt að honum er dreift með hátalara til almennings, t.d. í verslunum eða á öðrum stöðum sem aðgengilegir eru almenningi, þá er um að ræða sjálfstæðan opinberan flutning verksins.